

Ágætu félagar í Skógræktarfélagi Kópavogs.

Eins og ykkur er kunnugt átti félagið 40 ára afmæli á sl. ári, 2009. Haldið var upp á afmælisárið á fjölbreyttan hátt m.a. með því að hefja byggingu á félags-, fræðslu- og þjónustuhúsi í Guðmundarlundi. Húsið er nú að verða fokhelt og stendur í suð-austur horni Guðmundarlundar.

Félagið hefur nýtt þá fjármuni sem það átti og styrk Kópavogsbæjar til að koma byggingunni á þetta stig. Nú er unnið að því að tryggja áframhald framkvæmda svo taka megji húsið í notkun sem fyrst.

Á liðnu sumri var á vegum félagsins atvinnuáttak í samvinnu við Kópavogsbæ og Vinnumálastofnun. Fimm einstaklingar voru í vinnu í Guðmundarlundi, að Fossá og í Selfjalli. Gert var áttak í gróðursetningu á öllum þessum stöðum og í heild voru settar niður um 27.000 plöntur: birki, sitkagreni, stafafura og lerki að Fossá, í Guðmundarlundi, Vatnsendaheiði og í Selfjalli.

Unnið var við grisjun í Guðmundarlundi og efnið kurlað og sett í stíga. Gönguleið var gerð frá væntanlegu bílastæði við nýja húsið og upp á hæðina austan við Guðmundarlund, en þar er mjög gott útsýni til allra átta. Þá var gamla húsið í Guðmundarlundi málað að utan og einnig Grillhúsið. Unnið var að margvíslegum endurbótum á svæðinu og gert nýtt "grillsvæði" vestan við gamla húsið sem henta mun vel fólki með yngri börn, þar verða leiktæki og stutt aðkoma er að svæðinu.

Í Selfjalli var haldið áfram að gróðursetja og vann atvinnuátakið stóran hluta af því verki ásamt hópi sem var við vinnu á vegum Félagsþjónustunnar í Kópavogi hjá okkur í sumar.

Gróðursett var í "Yrkjuskóga" í Vatnsendaheiði og tóku allir grunnskólarnir í Kópavogi þátt í því verkefni að þessu sinni með 11 ára börnum.

Á vegum Félags eldri borgara í Kópavogi var farin rútuferð að Fossá og að Gljúfrasteini og endaði ferðin í Guðmundarlundi, þar sem við tókum á móti fólkinu með veitingum, harmonikkuspili og söng. Mikil ánægja var með þetta framtak Félags eldri borgara og þátttöku skógræktarfélagsins í því.

Aðalfundur Skógræktarfélgs Íslands var haldinn að Selfossi í lok ágúst sl. og var góð þátttaka frá félaginu í honum þar sem aðal-og varastjórnarmenn fjölmenntu. Félagsmaður okkar Kristinn H. Þorsteinsson var kjörinn í varastjórn félagsins á aðalfundinum.

Miklar framkvæmdir voru að Fossá. Aðkoman að staðnum hefur verið lagfærð, vegurinn heim að bænum endurnýjaður að hluta og lokið var við stórt bílastæði niður við aðkomuhlið. Sett voru ræsi í göngustíg sem liggur um skógarhlíðina og vegur lagfærður að Eystri-Fossá austan ár.

Jólatrjáasala verður í ár með hefðbundnu sniði allar helgar í desember til jóla eins og verið hefur í nokkur ár.

Um leið og ég þakka félagsmönnum góðan stuðning við félagið á liðnu ári vil ég hvetja alla félagsmenn til að nota tækifærið og fara upp að Fossá og sækja sér jólatré með fjölskyldunni og einnig hvetja vini og ættingja til hins sama. Þetta skiptir félagið miklu máli hvað fjáröflun snertir og að koma því ætlunarverki okkar í framkvæmd að opinn skógur verði að Fossá innan tíðar.

Að lokum vil ég óska öllum félagsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakka ég ykkur öllum stuðninginn á liðnu ári.

Bragi Michaelsson.